

Nd.

528. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar á hafnarlögum fyrir Húsavík, nr. 38 19. júní 1933.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur við athugun frumvarpsins leitað álits og upplýsinga vitamálastjóra, einnig rætt um það við flutningsmann og sjávarútvegsnefnd Ed. Við þessa athugun kom í ljós m. a., að fjárhæðir þær, sem greindar eru í 1. og 2. gr., eru ekki í samræmi við hlutföll þau, sem frumvarpið og lögin ákveða milli framlags ríkissjóðs og framlags hafnarsjóðs. Nefndunum kom saman um, að þetta bæri að leiðrétta.

Þá veitti nefndin því athygli, að niðurlag 1. greinar frumvarpsins er endurtekning á ákvæðum 9. greinar laganna og því óþarft.

Eftir athugun sína á frumvarpinu, leggur nefndin til, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem hér fara á eftir. Tveir nefndarmanna (LJós og GG) eru þó mótfallnir 2. brtt.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað „1000000.00 — ein milljón króna“ komi: 1200000 — ein milljón og tvö hundruð þúsund kr.
 - b. orðin „enda sé ekki ... vitamálastjóra“ í niðurlagi greinarinnar falli burt.
2. Við 2. gr. Í stað „2100000.00 — tveggja milljóna og eitt hundruð þúsund króna“ komi: 1800000 — einnar milljónar og átta hundruð þúsund.

Alþingi, 12. marz 1943.

Finnur Jónsson,
form.

Sigurður Kristjánsson,
frsm

Sigurður Bjarnason.

Lúðvík Jósefsson.

Gisli Guðmundsson,
fundaskr.